



BÖRNIN Í MIÐBÆNUM

Málþing um miðborgina laugardaginn 12. nóvember kl. 13-15
í Spennistöðinni, félags og menningarmiðstöð Miðborgar.

Dagskrá:

Framsöguerindi borgarstjóra, barna og ungmenna í miðborginni og
húsráðs Spennistöðvarinnar

HópaVinna þar sem fjallað er um efni eins og skóla og leikskóla, aðstöðu
barna og unglinga til tómstundaiðkunnar, leiksvæði, Spennistöðina,
umferðaröryggi og almenningsgöngur. Hóparnir munu sammælast um
nokkrar tillögur til úrbóta og lykilsurningar til að beina til stjórnálmanna
og embættismanna sem sitja í pallborði

Pallborðsumræður en í pallborði sitja: Dagur B Eggertsson, Guðrún
Kaldal, Kristín Jóhannesdóttir, Sigprúður Erla Arnardóttir, Skúli Helgason,
Þórgnýr Thoroddsen og Ólöf Örvarsdóttir

Íbúasamtök og foreldrasamtök miðborgarinnar



Málþing um miðborgina, þar sem íbúar hafa orðið.

Laugardaginn 12. nóvember 2016 kl. 13-15 í Spennistöðinni við Austurbæjarskóla.

BÖRNIN Í MIÐBÆNUM

Benóný Ægisson, formaður Íbúasamtaka Miðborgar býður gesti velkomna.
Fundastjóri er Áslaug Guðrúnardóttir

Ávarp

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

“Hvernig er að alast upp í 101?”

Unglingahópur; Embla Diljá Challander, Telma Jeanne Bonthonneau, Unnsteinn Beck, Melkorka Ýr Bustos og Ronja Ísabella Benediktsdóttir.
Ungmennahópur; Elva Gestsdóttir og Ingimundur Bergmann Sigfússon.

“Fimm árum síðar - og Spennistöðin”

Benóný Ægisson og Birgitta Bára Hassenstein, fulltrúar íbúa í húsráði Spennistöðvarinnar.

Umræður í eftirtöldum hópum:

- Skólar og leikskólar
- Fritími – íþróttir og tómstundir
- Spennistöðin
- Leiksvæði, garðar og torg
- Strætó og umferðin
- Allt hitt. (Opinn flokkur fyrir fólk til að leggja inn spurningar um málefni sem ekki rúmast innan ofangreindra efnisflokka)

Fyrirspurnir hópa til pallborðs 30 mín

Hóparnir munu sammælast um nokkrar hugmyndir og tillögur um úrbætur og beina spurningum til stjórnmalamanna og embættismanna sem sitja í pallborði sem eru; Dagur B Eggertsson borgarstjóri, Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri Austurbæjarskóla, Sigprúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar, Skúli Helgason formaður Skóla og frístundaráðs, Þórgnýr Thoroddsen formaður Íþróttá og tómstundaráðs og Ólöf Örvardóttir sviðsstjóri Umhverfis og skipulagssviðs.

Opið fyrir spurningar úr sal

Lok, Áslaug Guðrúnardóttir fundarstjóri dregur saman helstu niðurstöður þingsins

Málþing um miðborgina að frumkvæði íbúanna

Íbúasamtök Miðborgar efndu til málþings í Spennistöðinni laugardaginn 12. nóvember 2016 frá 13-15 og bauð foreldrafélögum og helstu stofnunum í hverfinu sem koma að menntun og velferð barna og ungmenna þátttöku. Á málþinginu var hugað að helstu málefnum barna og ungmenna, hvernig mætti bæta hverfið með tillit til barna og ungmenna, gera hverfið fjölskylduvænna. Borgarstjóri opnaði málþingið og síðan komu tvö framsöguerindi eins og skólamála, frítíma, íþróttum og tómstundum, Spennistöðinni, leiksvæðum, görðum og torgum, samgöngum og umferð og síðan allt hitt.

Spurningar frá umræðuhópum

(svör pallborðs má heyra á upptökunni sem merkt er Umræður)

SKÓLAR OG LEIKSKÓLAR

Hópurinn formaði eftirfarandi tillögu varðandi hvað er jákvætt við málaflokkinn í hverfinu.

Austurbæjarskóli, Tjörnin og leikskólar í 101 (miðbæ) vinna saman að heildstæðri fjölmenningsstefnu.

Hópurinn formaði 2 spurningar, hver eru brýnustu málin í málaflokknum, hvað má bæta ?

1. **Rúmlega 20% nemenda í Austó eru búsettir í öðrum skólahverfum, gleðiefni og gæðastimpill fyrir skólann. Mörg þeirra eru af erlendum uppruna. Hvernig hyggst borgin koma til móts við þessa sérstöðu skólans svo hann geti axlað sína ábyrgð sem metnaðarfullur og öflugur fjölmenningslegur skóli ?**
2. **Ýmsar nýjungar í frístundastarfi yngstu barna hafa verið gerðar í Reykjavík, t.d. í 111 Reykjavík (1,2 og Fellaskóli) Markmið verkefnanna hafa verið að efla félagsfærni, samkennd og tungumálafærni allra barna. Hvenær hyggst borgin setja aukið fjármagn og stuðning til frístundastarfs (frá 6-15 ára barna) í Austó sem eflir þessa þætti ?**

FRÍTÍMI – ÍÞRÓTTIR OG TÓMSTUNDIR

Okkur finnst gott hvað það er mikið af fjölbreyttum kostum þegar kemur að frístundastarfi en vandamálið felst í því að það er ekki á færi allra að bjóða börnum sínum upp á þá þjónustu.

Hópurinn tilgreindi þetta sérstaklega varðandi hvað er jákvætt við málaflokkinn.

1. **Félagsmiðstöðin / Spennistöðin**
2. **Sundhöllin og stækkun hennar**

Hópurinn formaði 2 spurningar, hver eru brýnustu málin í málaflokknum, hvað má bæta ?

1. **Hvernig getur borgin lækkað kostnað fyrir börn og ungmenni. Þegar frístundakortið hækkar, þá hækka "æfinga"gjöldin um leið ?**
2. **Spennistöðin. Lýsing, heimilslegra. Getur borgin bætt lýsinguna í Spennistöðinni, gert hana heimilislegri ? (spurningin var ekki borin fram vegna tímaskorts)**

SPENNISTÖÐIN

Hópurinn tilgreindi þetta sérstaklega varðandi hvað er jákvætt við málaflokkinn.

Frábært að hafa stórt og öruggt rými bæði fyrir skólann og unga fólk / börnin í hverfinu. Skapandi og ómótað rými. Mjög gott að loks er sé komin almennileg félagsmiðstöð í hverfið. Gott fyrir bekkjarkvöld og afmæli hristir hópinn betur saman.

Hópurinn formaði 2 spurningar, hver eru brýnustu málin í málaflokknum, hvað má bæta ?

1. **Er hægt að setja saman hóp sem myndi greina hlutverk Spennistöðvarinnar. Hver hefur aðgang og forgang ? Einkaaðilar versus íbúar og skólastarf / tómstundastarf**
2. **Má fara í aðgerðir til að unnt sé að nýta þetta góða rými betur, td. með milliveggjum, millihæðum, bæta aðbúnað og lýsingu ?**

LEIKSVÆÐI, GARÐAR OG TORG

Hópurinn tilgreindi þetta sérstaklega varðandi hvað er jákvætt við málaflokkinn.

Mikið af fallegum svæðum litlum og stórum. Hljómskálagarður, Klambratún, skólalóð Austurbæjarskóla. Torg í biðstöðu stuðla að auknu rými fyrir börn á sumrin.

Hópurinn formaði 2 spurningar, hver eru brýnustu málin í málaflokknum, hvað má bæta ?

1. Hópurinn telur vera mikið af vannýttum svæðum; Klambratún, Hljómskálagarður, Óðinstorg, Freyjugata, Þórsgata, Njálsgata, Mæðragarður, Einarsgarður og Hafnarsvæðið. Það sem okkur finnst brýnast lýsing, aðgangi að svæðunum vegna umferðar, væri hægt að gera leiksvæði fyrir alla fjölskylduna, ungbarnaleikvöll, hundaleikvöll, hreystivöll, kastvelli ofl. Stendur til að gera úrbætur á þessum svæðum? og geta íbúar komið að uppbyggingu ?
2. Forgangur barna á Austósparkvelli ?

STRÆTÓ, UMFERÐIN OG ÖRYGGI

Spurningar hópsins vantar en má heyria á upptökunni Umræður

ALLT HITT.

Í hópnum sátu 6 valkyrjur sem komu sér saman um að ALLT HITT væri það sem þyrfti til að hverfið væri **Fjölskylduvænt**. Ánægja foreldra væri forsenda vellíðunnar barna og unglínganna í miðborginni.

Hópurinn tilgreindi þetta sérstaklega varðandi kosti hverfisins.

Forréttindi að ala upp börn í fjölbreyttu mannlífi miðborgarinnar. Erfitt að ala upp börn í fjölbreyttu mannlífi því þar geta leyst hættur – s.b. orð unglínganna um að það þyrfti betri lýsingu á mörgum stöðum hverfisins.

Hópurinn formaði 2 spurningar, hver eru brýnustu málin varðandi fjölskylduvænt hverfi, hvað má bæta ?

1. Mikil ónæði er fyrir fjölskyldufólk af ótrúlega löngum opnunartíma veitingastaða í miðborginni – miklu lengri en þekkist í miðborgum nágrennalanda okkar.
Er borgin tilbúin að taka til alvarlegrar skoðunar að stytta opnunartíma veitingastaða í miðborginni, með það í huga að áfram geti fjölskyldufólk búið hér ?
2. Skammtímaleiga hefur tekið stóran toll af íbúðahúsnæði í hverfinu okkar. Nú þegar lög hafa verið samþykkt sem koma böndum á „airbnb“ útleigu er líklegt að umsóknnum um leyfi fyrir gistiheimili fjölgi mjög mikið. Aðeins með ströngum reglum um fjölda gistiheimila verður hægt að snúa þróuninni við og gera hverfið aftur að fjölskylduvænu íbúahvefi.
Er borgin tilbúin að setja strax (fyrir næstu áramót) reglur sem kveða á um að einungis 20% íbúða/herbergja á hverju íbúðasvæði í miðborginni megi nýta undir gistiheimili?

Listi yfir atriði sem skráð voru af þátttakendum á miða og samantektarblöð.

SKÓLAR OG LEIKSKÓLAR (hópstjóri og talsmaður: Ólafur og Oddný)

Hvað er jákvætt við málaflokkinn ?

Hópurinn formaði eftirfarandi tillögu:

Austurbæjarskóli, Tjörninn og leikskólar í 101 (miðbæ) vinna saman að heildstæðri fjölmenningsstefnu.

Þessi atriði voru nefnd, röð atriða tilviljun:

- Styrkur skólasamfélagsins er fjölmennings og fjölbreytni.
- Góður stuðningur foreldra við skólastarfið
- Einstaklega góð og efnileg börn
- Börn búa nálægt hvort öðru – auðvelt að fara í heimsókn
- Umhverfið, stutt í þjónustu og samgöngur
- Grænaborg. Æðislegur leikskóli og frábær leikskólastjóri sem og allt starfsfólk. Hlúa vel að honum . Flott tenging við Austó.
- Vilji til að gera vel og vinna saman.
- Skóli með miklar hefðir en samt sveigjanlegur
- Rótgrónir leikskólar með frábært starfsfólk
- Nýtt og ferskt líf í Austurbæjarskóla með nýjum stjórnendum
- Fjölbreytt, börn frá mismunandi bakgrunnum
- Fjölbreytileiki, fjölbjódlegt

Hver eru brýnustu málin í málaflokknum ? hvað má bæta ?

Hópurinn formaði 2 spurningar:

1. **Rúmlega 20% nemenda í Austó eru búsettir í öðrum skólahverfum, gleðiefni og gæðastimpill fyrir skólann. Mörg þeirra eru af erlendum uppruna. Hvernig hyggst borgin koma til móts við þessa sérstöðu skólans svo hann geti axlað sína ábyrgð sem metnaðarfullur og öflugur fjölmenningslegur skóli ?**
2. **Ýmsar nýjungar í frístundastarfi yngstu barna hafa verið gerðar í Reykjavík, t.d. í 111 Reykjavík (1,2 og Fellaskóli) Markmið verkefnanna hafa verið að efla félagsfærni, samkennd og tungumálafærni allra barna. Hvenær hyggst borgin setja aukið fjármagn og stuðning til frístundastarfs (frá 6-15 ára barna) í Austó sem eflir þessa þætti ?**

Þessi atriði voru nefnd, röð atriða tilviljun:

- Austó er gamall skóli, það þarf að taka tillit til þess að búnaður og almennt viðhald verður að fá aukið fé og skilning. Mikilvægt fyrir skólabrag.
- Aðstaða til raunvísindakennslu í Austurbæjarskóla
- Umferðarmál í kringum Austurbæjarskóla og leikskólana
- Betra eftirlit með því hvað gerist á skólalóð (stríðni og annað)
- Leikskólar í 101 hafa nægt húsrými vegna fækkunar barna. Það er jákvæðni í hverfinu fyrir því að vera tilraunahverfi með inntöku barna um 1 ára aldur.
- Mun betri lýsingu við gangbrautir við skólann
- Mætti hafa meira félagsstarf fyrir miðstig – öllum stigum ? tenging og framhald af skólastarfi
- Fjölbreytt kennsla, nýta umhverfi meira í kennslu
- Efla samstarf skóla og heimilis, meiri virkni, samskipti
- Áhyggjur vegna kjarasamninga grunnskólakennara

FRÍTÍMI – ÍÞRÓTTIR OG TÓMSTUNDIR (hópstjóri og talsmaður: Gunnar og Ingunn)

Hvað er jákvætt við málaflokkinn ?

Okkur finnst gott hvað það er mikið af fjölbreyttum kostum þegar kemur að frístundastarfi en vandamálið felst í því að það er ekki á færi allra að bjóða börnum sínum upp á þá þjónustu.

1. **Félagsmiðstöðin / Spennistöðin**
2. **Sundhöllin og stækkun hennar**

Þessi atriði voru nefnd, röð atriða tilviljun:

- Ylströndin
- Klambratún
- Valrútan
- Tjörnin
- Samgöngur
- Nálægðin við menningu og listir
- Hvernig menningin veitir innblástur og áhuga
- Að strætó keyrir ekki inn í hverfið
- Sóknarfæri (svæðið td. við klambratún)
- Tónlistarnám
- Mér finnst gott að búa nálægt vinum
- Félagmiðstöðvar
- Spennistöðin
- Spennistöðin, 100og1 og Draumaland (3)
- Félagsmiðstöðin 100og1
- Stækkun sundhallar (3)
- Sundhöllin
- Skólalóðin
- Fjölbreytni í íþróttum og tómstundum
- Fjölbreytni
- Öskjuhlíðin, Hljómskálagarður og Klambratún
- Sparkvellir
- Mér finnst flottir leikvellir

Hver eru brýnustu málin í málaflokknum ? hvað má bæta ?

Hópurinn formaði 2 spurningar.

1. **Hvernig getur borgin lækkað kostnað fyrir börn og ungmenni. Þegar frístundakortið hækkar, þá hækka "æfinga"gjöldin um leið ?**
2. **Spennistöðin. Lýsing, heimilislegra.**

Þessi atriði voru nefnd, röð atriða tilviljun:

- Meiri hjólastíga
- Hjólasamgöngur inni í miðbænum
- Hafa ljós þegar það er dimmt úti.
- Lýsing úti
- Meiri lýsingu á leik- og grassvæðum
- Bæta öryggismál við opin svæði
- Bæta hjólaaðgang frá skóla að Valsheimili td.
- Fleiri sparkvelli fyrir alla hópa
- Meira á Hljómskálagarðinn
- Bæta opin svæði (eins og unglíngarnir nefndu)
- Íþróttavellir / sparkvellir / körfubolti
- Bæta samvinnu skóla og tónlistarskóla
- Spennistöðin, bæta lýsingu, ljós og ljósabúnað myndi gera mikið fyrir peninginn (2)
- Spennistöðin / 100og1 / Draumaland
- Spennistöðin (2)
- Spennistöðin á tvær hæðir, 1 ½ alla amk ☺
- Ungmennahús 16+ starf
- Fjarlægja snobbið úr tónlistarnámi
- Íþróttir fyrir þá sem ætla ekki að verða pro
- Kostnaður
- Ókeypis frístund og tómstundir
- Frístundir og tómstundir fyrir alla
- Götuskilti "börn að leik"
- Bæta samvinnu skóla og tónlistarskóla.
- Tómstundamöguleikar fyrir 16+.

SPENNISTÖÐIN (Hópstjóri og talsmenn; Birgitta, Embla og Helga Soffía)

Hvað er jákvætt við málaflokkinn ?

Frábært að hafa stórt og öruggt rými bæði fyrir skólann og unga fólkið / börnin í hverfinu. Skapandi og

ómótað rými. Mjög gott að loks er sé komin almennileg félagsmiðstöð í hverfið. Gott fyrir bekkjarkvöld og afmæli hristir hópinn betur saman.

Þessi atriði voru nefnd, röð atriða tilviljun:

- Líka fyrir foreldra, bekkjarskemmtanir og bekkjarafmæli (áhrif á bekkjarbraginn að öllum sé boðið)
- Ómótað rými – ýtir undir sköpunarkraftinn
- Skapandi umhverfi
- Ómótað ekki allt í föstum skorðum – miklir möguleikar
- Nauðsynlegt rými fyrir plássfreka starfsemi í Austurbæjarskóla
- Gott gönguaðgengi
- Frábært svæði fyrir ýmsar uppákomur, mikið pláss
- Nóg pláss - hátt til lofts, vítt til veggja (3)
- Frábært að hafa félagsmiðstöð í hverfinu
- Öruggt rými fyrir krakka til að hittast

A. Hver eru brýnustu málin í málaflokknum ? hvað má bæta ?

Hopurinn mótaði tvær spurningar

1. **Er hægt að setja saman hóp sem myndi greina hlutverk Spennistöðvarinnar. Hver hefur aðgang og forgang ? Einkaaðilar versus íbúar og skólastarfi / tómstundastarfi**
2. **Má fara í aðgerðir til að unnt sé að nýta þetta góða rými betur, td. með milliveggjum, millihæðum, bæta aðbúnað og lýsingu ?**

Þessi atriði voru nefnd, röð atriða tilviljun:

- Eldhúsaðstaða er í innganginum
- Mikil hönnun lögð í klósettin, miðað við önnur rými
- Meiri lit og skreytingar á veggjum og fleiri húsgögnum
- Rýmið er frekar tomt
- Bæta lýsingu innanhús (4)
- Laga má lýsingu og innréttingar
- Opna fyrir birtu og endurskoða stóra hlerann
- Hræðileg iðnaðarlýsing, engin dagsbirta
- Passa að bjóða fleirum inn með tómstundastarfi. Skoða samkeppnislöggjöf greina hvað vantar í tómstundaflóruna.
- Nýta lofthæðina t.d. með millihæð (mezzanine), sem gæti td. líka verið hátt svið
- Þó pláss sé mikið mætti nýta það miklu betur með því að skipta því upp.
- Fá lausnir sem að geta afmarkað betur rýmið – eykur nýtingarmöguleika
- Betri aðbúnað, líkt og húsgögn og hólfanir
- Það eru tveir inngangar í salinn svo það væri kjörið að fá (færanlega vegg) svo hægt væri að nýta rýmið betur –t.d. 2 mismunandi hópa í einu.
- Mætti skipta Spennistöðinni í fleiri mismunandi rými
- Hlutverk og nýting óskilgreint að vissu leyti

LEIKSVÆÐI, GARÐAR OG TORG (Hópstjóri og talsmaður; Erna og Adda Rut)

Hvað er jákvætt við málaflokkinn ?

Mikið af fallegum svæðum litlum og stórum. Hljómskálagarður, Klambatún, Skólalóð Austurbæjarskóla. Torg í biðstöðu stuðla að auknu rými fyrir börn á sumrin.

Þessi atriði voru nefnd, röð atriða tilviljun:

- Leiksvæði í Hljómskálagarði er mjög gott fyrir fólk með lítil börn
- Bætt aðstaða á Klambatúni þá sérstaklega nýr leikvöllur og frísbíggvöllur
- Verkefnið Torg í biðstöðu hefur skapað auka rými fyrir börn í hverfinu á sumrin (2)
- Mikið af fallegum og skemmtilegum opnum svæðum misstórum
- Austólóðin hefur verið endurbætt

Hver eru brýnustu málin í málaflokknum ? hvað má bæta ?

Vannýtt opin svæði; Klambatún, Hljómskálagarður, Óðinstorg, Freyjugata, Þórsgata, Njálsgata, Mæðragarður, Einarsgarður og Hafnarsvæðið.

- **Stundur til að gera úrbætur á þessum svæðum? og geta íbúar komið að uppbyggingu ?**
- **Það sem okkur finnst brýnast er lýsing, aðgangi að svæðunum vegna umferðar, væri hægt að gera leiksvæði fyrir alla fjölskylduna, ungbarnaleikvöll, hundaleikvöll, hreystivöll, kastvelli ofl.**
- **Forgangur barna á Austósparkvelli ?**

Tillögu hóps:

- **Mæðragarður – ungbarnaleikvöllur**

- **Útivistarsvæði á Hafnarsvæðið**
- **Matjurtargarðar á vannýttum svæðum**
- **Skilti sem segja að börn hafi forgang á skólalóð**
- **Samvinna íbúa og borgaryfirvalda**
- **Betri hundaleiksvæði við Barónstíg**

Þessi atriði voru nefnd, röð atriða tilviljun:

- Hundaleiksvæði
- Flest þessara góðu opnu svæða vannýtt, þyrfti að bæta aðstöðu og lýsingu til að fólk nýti svæðin
- Viðhald á torgum í biðstöðu og litlum görðum ábótavant
- Endurhugsa og bæta mætti aðgang frá hverfinu að útisvæðum sem eru öll handan umferðaræðar
- Snorrabraut, Lækjargötu, Miklubrautar (Valsvæðið)
- Vantar gott útivistarsvæði í Reykjavíkurbær eða bæta tengingar
- Vannýtt svæði td. við hliðina á Freyjugöturóló
- Vantar fleiri góð leiksvæði

STRÆTÓ, UMFERÐI OG ÖRYGGI (Hópstjóri og talsmaður; Einar Örn)

Hvað er jákvætt við málaflokkinn ?

Má heyra á upptökunni Umræður

Þessi atriði voru nefnd, röð atriða tilviljun:

- Fjölbreyttur og flottur íbúahópur
- Útivistartími barna og unglinga
- Maður sér oft lögreglubíla
- Almennt séð hæg umferð (2)
- Strætó í nálægð – umferðarmiðstöð
- Fjöldi og fjölgun hraðahindrana (2)
- Stutt í almenningsamgöngur
- Einstefnugötur
- Einstefnur hægja á umferð
- Góðar tengistöðvar strætó
- Strætóleiðir
- Hægt að ganga á milli staða í fallegu umhverfi
- Mikill gróður og fallegir garðar
- Stutt í verslanir, allavega sumar

Hver eru brýnustu málin í málaflokknum ? hvað má bæta ?

Hópurinn formaði spurningar: Upptakan ☺

Þessi atriði voru nefnd, röð atriða tilviljun:

- Hjólreiðar á móti umferð
- Hjólabretti á Laugavegi
- Athuga hjól, bretti og fl. niður Laugavegin sérstaklega þegar Laugarvegur er lokaður
- Þarf að fjölga hjólreiðastígum sem eru aðskildir göngustígum
- Of langt í strætóstoppin
- Strætó. Laga tímasetningar(fara á sama tíma)
- Koma aftur á strætó á Hverfisgötu
- Það er of langur tími á milli strætóa (1klst)
- Meiri lýsingu á dimmum stöðum í miðbænum, bæta lýsingu (3)
- Strætó inn í miðbæ
- Óþarfi að hafa hjólastíga báðu megin, td. við Hverfisgötu
- Fleiri hjólastíga
- Lítið eftirlit lögreglu
- Fleira starfsfólk fyrir utan gistiskýli
- Virðingarleysi þjónustufyrirtækja og verktaka (leggja á gangstéttum etc)
- Vantar rútbílastæði við Hallgrímskirkju. (nú við gönguleið – þarf sér stæði)
- Mikil umferð stórra bíla
- Takmarka notkun lítilla rúta
- Fækka stórum rútum í miðbænum (og litlum)
- Takmarka bæði stórar og litlar rútur í þröngum götum miðborgar
- Fleiri stæði fyrir rútur – svo ekki þurfi að keyra í gegnum hverfið

- Of margir bílar í gangi (td. að bíða eftir túristum)
- Of fáar hraðahindranir/þrengingar. Hugsa taktískt (crossing)
- Einstefnugötur, notaðar sem tvístefnugötur (engar afleiðingar)
- Íbúakort ósveigjanlegt
- Fleiri íbúakort á hverja íbúð (bílastæði)
- Aðgengi íbúa léleg – eiga erfitt að fá fjölskyldu og vini í heimsókn
- Bílastæðum fækkar aðgengi íbúa erfiðara
- Bílastæði í miðbænum

Hópstjóri kynnti erindi sem barst frá Gerði Hauksdóttur, leikskólastjóra á Grænuborg sem komst ekki á fundinn. Erindi um umferðapunga á Skólavörðuholtinu við leikskólann Grænuborg. Erindið var afhent Ólöfu Örvarsdóttur skipulagssjóra, sviðstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Sjá aftast fylgiskjal 3.

ALLT HITT (Hópstjóri og talsmaður; Guðrún Erla)

Hvað er jákvætt við málaflokkinn ?

Forréttindi að ala upp börn í fjölbreyttu mannlífi miðborgarinnar.

Hver eru brýnustu málin í málaflokknum ? hvað má bæta ?

Hópurinn formaði 2 spurningar, brýnustu málin varðandi fjölskylduvænt hverfi, hvað má bæta ?

1. Mikil ónæði er fyrir fjölskyldufólk af ótrúlega löngum opnunartíma veitingastaða í miðborginni – miklu lengri en þekktist í miðborgum nágrennalanda okkar.

Er borgin tilbúin að taka til alverlegrar skoðunar að stytta opnunartíma veitingastaðann í miðborginni, með það í huga að áfram geti fjölskyldufólk búið hér ?

2. Skammtímaleiga hefur tekið stóran toll af íbúðahúsnæði í hverfinu okkar. Nú þegar lög hafa verið samþykkt sem koma böndum á „aribnb“ útleigu er líklegt að umsóknum um leifi fyrir gistiheimili fjölgi mjög mikið. Aðeins með ströngum reglum um fjölda gistiheimila verður hægt að snúa þróuninni við og gera hverfið aftur að fjölskylduvænu íbúahverfi.

Er borgin tilbúin að setja strax (fyrir næstu áramót) reglur sem kveða á um að einungis 20% íbúða/herbergja á hverju íbúðasvæði í miðborginni megi nýta undi gistiheimili?

Hópurinn kom með þessar ábendingar sérstaklega til pallborðs / borgaryfirvalda:

1. Ekki á að vera með húsnæði (t.d. gistiskýli) fyrir utangarðsmenn í miðju íbúðahverfi í miðborginni. Slíkri starfsemi þarf að dreifa um hverfi borgarinnar og forðast að hafa hana í „venjulegri“ fjölskyldubýggð.
2. Það þarf að sjá til þess að **greiðar gönguleiðir** verði í **gegnum lóð Landspítalans** t.d. **á göngubrú yfir Miklubrautina**. Mikilvægt er að börn og aðrir komist á einfaldan og auðveldan hátt að Valsheimlinu og nýja hverfinu sunnan og vestan við það.
3. **Kjarvalsstaðir** gætu nýst **foreldrum** betur ef komið væri fyrir **leiksvæði** fyrir **yngru börnin sunnan við** húsið þ.e. í opi „U-sins“ . Einnig ef gert væri ráð fyrir að koma mætti með eigið nesti inn í húsið t.d. með sér merktu svæði.
4. Ef börn og ungmenni alast upp við rusl og drasl eru ekki líkur á því þau gangi snyrtilega um. Gífurlegur fjöldi aðkomumanna í hverfinu okkar (ekki bara á Laugaveginu og Skólavörðustígnum) kallar á miklu betri rusla- og sorphirðu en nú er. Sárlega vantar hefðbundna götusópara til að þrifa almannanna rýmið. Væri ekki eðlilegt að setja viðurlög (sektir) við því að kaupmenn og aðrir sem reka fyrirtæki hafi ekki hreint og snyrtilegt í kringum fyrirtæki sín.

UMRÆÐUHÓPAR - LEIÐBEININGAR fyrir hópstjóra

(Handrit sent hópstjórum, tekið rennsli)

Biðja fyrst alla um að kynna sig með nafni og hvar þeir eigi heima í hverfinu 😊

Eitt viðfangsefni í einu

FYRST GRÆNIR miðar (jákvætt við núverandi stöðu / styrkleikar) og

SÍÐAN GULIR miðar (hvað er brýnast að gera?)

1. Borðstjóri útteilir miðum fyrir hvert viðfangsefni

- Gefið ykkur 1 mínútu – hugsið um viðfangsefnið
- Skriði einungis 1 atriði á hvern miða
- Skrifu með HÁSTÖFUM, stórum stöfum, ekki skrifstöfum

2. Borðstjóri biður þátttakendur að lesa upp af miðanum og útskýra mjög stutt.

- Miði lagður á borðið
- Næsti velur einn miða, les upp og útskýrir mjög stutt, næsti tekur við
- Borðstjóri og þátttakendur flokka lauslega miðana þegar þeir eru lagðir niður ef innihald tengist

GRÆNIR MIÐAR stoppa hér, hópstjóri punktast hjá sér jákvæðu punkta og segir frá áður en spurning/tillaga er borin upp til pallborðs í lok hópavinnu. **Unnið áfram með GULA miða;**

3. ENDURTEKNINGAR. Samþætting, sömu eða sambærileg atriði eru tekin til hliðar.

- Ekki er þörf á endurtekningum
- Það má endurorða á miða, ef allir sammælast um að þetta er sama atriði
- Ekki eyða miklum tíma í þetta

4. FORGANGSRÖÐUN

- Gefið ykkur 1 mínútu
- Velja í huganum 5 mikilvægustu atriðin
- Skriði þau niður
- Gerið eitt strik á þá 5 miða sem ykkur finnst mikilvægastir á borðinu
- Þátttakendur telja strikin og raðið eftir forgangsröðun
- Ef forgangsröðun er jöfn, þá er kosið á milli þeirra með handauppréttingu
- Lagt til hliðar og geymt á borðinu.

5. SPURNINGAR FORMAÐAR

- Þátttakendur vinna saman í að forma eina eða fleiri stefnumótandi spurningu til pallborðs.

Dæmi um 2 tegundir af spurningum: * Af hverju er málið ekki leyst ? * Hvernig leysum við málið?

Af hverju er öryggi barna á leið í skóla ekki tryggt með sama hætti og í öðrum hverfum borgarinnar ? T.d. með því að (hægt að hnýta lausnina við á þennan hátt)

Fylgja mætti spurningu eftir með stefnumótandi ályktun, sbr. hvernig hyggjast borgaryfirvöld (meirihlutinn) þá beita sér fyrir því að tryggja öryggi ?

6. TILBÚIN SPURNING

- Takið miðann með mikilvægasta atriðinu sem unnið var út frá, skriði spurninguna á bakhlið.
- Það má vinna aðra spurningu til vara, út frá næstmikilvægasta atriðinu, skriði á bakhliðina.

7. ÁLYKTUN – val og ef tími vinnst til

- Vill borðið sammælast um eina ályktun ?

Hópavinna, Börnin í miðbænum 12. nóvember 2016

Leiðbeiningar til þátttakenda (höfð á uppi á borðum þátttakendum til glöggvunar)

Hópstjóri heldur utan um umræður og segir frá umræðum í hópnum, kynnir niðurstöður hans fyrir pallborði og ber fram spurningar, tillögur og hugsanlega ályktun hvers hóps

Tilgangur umræðuhópanna er að:

- Fá fram þau atriði sem helst brenna á þátttakendum og forgangsraða
- Forma stefnumótandi spurningar og koma með tillögu til úrbóta eða ályktun hópsins til pallborðs

Fyrsti umræðuhringur 10 mín. - GRÆNIR MIÐAR

- Hvað er jákvætt við stöðu málaflokksins í hverfinu?
- Farið hringinn og rætt

Annar umræðuhringur 25 mín. - GULIR MIÐAR

- Hver eru brýnustu málin, farið hringinn og rætt
- Forgangsröðun, mótun spurningar og tillögur til pallborðs
- Hópurinn má móta fleiri en eina spurningu/hugmynd sem verður þá svarað ef tími vinnst til

Spurningar til pallborðs og svör 5 mín. hver hópur

Hópstjórar segja frá jákvæðum ábendingum hópsins og bera síðan upp spurningar og tillögur frá hópnum.

- Er hópurinn sáttur við svör og viðtökur?

Málþing um miðborgina sem íbúahverfi – fókus á fjölskyldur, börn og ungmenni.

Laugardaginn 12. nóvember kl. 13-15 í Spennistöðinni við Austurbæjarskóla.

BÖRNIN Í MIÐBÆNUM – tímasett dagskrá

13.03 Benóný formaður íbúasamtakanna býður gesti velkomna og kynnir fundastjóra

13.05 Dagur B. Eggertsson borgarstjóri opnar málþingið. (3-5 mín.)

13.10 **“Hvernig er að alast upp í 101?”**
- framhaldsskólahópur (7-10 mín.)
13.20 - unglindahópur úr Austó (7-10 mín.)

13.30 **“Fimm árum síðar – og Spennistöðin”** (5-7 mín)
Benóný Ægisson og Birgitta Bára Hassenstein, fulltrúar íbúa í húsráði Spennistöðvar.

13.37 Fundarstjóri kynnir fyrirkomulag, 3 mín ☺

13.40 Hópastarf, alls 35 mín.

10 mín rætt það sem er jákvætt við málaflokkinn, **25 mín. til að ræða brýnustu málin.**

Umræðuhópar eru:

- Skólar og leikskólar
- Fritími – íþróttir og tómstundir
- Spennistöðin
- Leiksvæði, garðar og torg
- Strætó og umferðin
- Allt hitt. Það sem ekki rúmast í hinum hópunum

14.15 Fyrirspurnir hópa til pallborðs 30 mín. - hver hópur fær 5 mín. þetta eru 6 hópar

Hóparnir munu sammælast um nokkrar hugmyndir og tillögur um úrbætur og beina spurningum til stjórnámálanna og embættismanna sem sitja í pallborði.

14.45 Almennar fyrirspurnir úr sal til pallborðs - 15 mín.

+ 15mín ??? - ef pallborð og fundargestir leyfa ☺

**

Framsaga; 5 fulltrúar nemenda úr unglingadeild Austurbæjarskóla.

- Embla Diljá Challander, nemandi í 10. bekk og formaður nemendafélags Austurbæjarskóla
- Telma Jeanne Bonthonneau, 9. bekk, fulltrúi nemenda í skólaráði Austurbæjarskóla
- Unnsteinn Beck, 8. bekk, fulltrúi nemenda í skólaráði Austurbæjarskóla
- Melkorka Ýr Bustos, 8. bekk
- Ronja Ísabella Benediktsdóttir, 8. bekk

Framsaga; Ungmennahópurinn, nemendur við Menntaskólann í Reykjavík.

- Elfa Gestsdóttir
- Ingimundur Bergmann Sigfússon

Í pallborði sitja:

- Dagur B Eggertsson borgarstjóri
- Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri Austurbæjarskóla
- Sigbrúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar
- Skúli Helgason formaður Skóla og frístundaráðs
- Þórgnýr Thoroddsen formaður Íþróttá og tómstundaráðs
- Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri Umhverfis og skipulagssviðs

BÖRNIN Í MIÐBÆNUM - Laugardaginn 12. nóv. kl. 13-15 í Spennistöðinni við Austurbæjarskóla

Þátttakendalisti:

1. Ólafur Eysteinn Sigurjónsson
2. Sat.. Römö.. *skrift ekki nógu greinanleg*
3. Björgvin Hilmars
4. Jenný Heiða
5. Oddný Sturludóttir
6. Eyja Bonthonneau
7. Hans Beck
8. Unnsteinn Beck
9. Friðmey Jónsdóttir
10. Eva María Pétursdóttir
11. Elva Gestsdóttir
12. Héðinn Sveinbjörnsson
13. Ísabella Þráinsdóttir
14. Iðunn Ólöf
15. Ingveldur Gyða Gísladóttir
16. Guðrúna Janusdóttir
17. Einar Thorlacius
18. Ísabella Ronja Benediktsdóttir
19. Melkorka Ýr Bustos
20. Thelma Jeanne Bonthonneau
21. Halla Bergþóra Pálmadóttir
22. Ásta Sól Kristjánsdóttir
23. Ingimundur Bergmann Sigfússon
24. Klara Steins
25. Áki Karlsson
26. Adda Rut Jónsdóttir
27. Erna Jónsdóttir
28. Helga Soffía Einarsdóttir
29. Ingveldur Gyða Gísladóttir
30. Sigfús Ingimundarson
31. Guðrún Erla Geirsdóttir
32. Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir
33. Svanbjörg Einarsdóttir
34. Guðmundur Sigfússon
35. Sigfús Ingimundarson
36. Ingibjörg Þorsteinsdóttir
37. Birgitta Bára Hassenstein
38. Arna Björk Birgisdóttir
39. Guðrún Kaldal
40. Stefán Þór Steindórsson
41. Áslaug Guðrúnardóttir
42. Benóný Ægisson
43. Gunnar B. Ólason
44. Áslaug Friðriksdóttir
45. Embla Ýr Bárudóttir
46. Birgitta Bára Hassenstein
47. Embla Diljá Challander
48. Kristjana Sigurðardóttir
49. Ragnhildur Zoega
50. Dögg Ármannsdóttir
51. Dagur B Eggertsson borgarstjóri
52. Guðrún Kaldal framkvæmdastjóri Tjarnarinnar
53. Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri Austurbæjarskóla
54. Sigprúður Erla Arnardóttir framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar
55. Skúli Helgason formaður Skóla og frístundaráðs
56. Þórgnýr Thoroddsen formaður Íþróttá og tómstundaráðs
57. Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri Umhverfis og skipulagssvið

5-7 börn undir 12 ára aldri, óskráð. Fleiri mættu óskráðir.

Aðstandendur málþingsins um Börnin í miðbænum 12. Nóvember 2016

Undirbúningshópur málþings:

Benóný Ægisson, formaður búasamtaka Miðborgar
Birgitta Bára Hassenstein, íbúasamtök Miðborgar
Einar Örn Thorlacius, íbúasamtök Miðborgar
Hlynur Johnsen, formaður foreldrafélags Grænuborgar
Ólafur Eysteinn Sigurjónsson, formaður foreldrafélags

Fundarstjóri:

Áslaug Guðrúnardóttir

Veitingar:

Guðrún Janusdóttir
Halla Bergþóra Pálmadóttir

Félög sem stóðu að málþinginu:

Íbúasamtök Miðborgar
Foreldrafélag Austurbæjarskóla
Foreldrafélag Grænuborgar

Handleiðsla unglingshópur:

Ástbjörg Rut Jónsdóttir

Ljósmyndari:

Gunnar B. Ólason

Borðstjórar og talsmenn hópa:

Birgitta Bára Hassenstein
Embla Ýr Bárudóttir
Helga Soffía Einarsdóttir
Einar Örn Thorlacius
Guðrún Erla Geirsdóttir
Ragnhildur Zöega
Gunnar B. Ólason
Ingveldur Gyða Gísladóttir
Ólafur Eysteinn Sigurjónsson
Oddný Sturludóttir
Erna Jónsdóttir
Ástbjörg Rut Jónsdóttir

Hljóðupptaka:

Stefán Þór Steindórsson

Samstarfs- og stuðningsaðilar:

Húsráð Spennistöðvarinnar
Félagsmiðstöðin 100og1
Austurbæjarskóli
Frístundamiðstöðin Tjörnin

Ungþing; ýmist ráðgjöf við mótun þingsins og þátttaka á sjálfu þinginu

Eyja Bonthonneau, nemandi við Menntaskólann í Reykjavík
Elfa Gestsdóttir, nemandi við Menntaskólann í Reykjavík
Hekla Björg Kormáksdóttir, nemandi við Menntaskólann í Reykjavík
Ingimundur Bergmann Sigfússon, nemandi við Menntaskólann í Reykjavík
Embla Diljá Challander, nemandi í 10. bekk og formaður nemendafélags Austurbæjarskóla
Telma Jeanne Bonthonneau, 9. bekk, fulltrúi nemenda í skólaráði Austurbæjarskóla
Unnsteinn Beck, 8. bekk, fulltrúi nemenda í skólaráði Austurbæjarskóla
Melkorka Ýr Bustos, 8. bekk
Ronja Ísabella Benediktsdóttir, 8. bekk

FRAMSAGA: “Hvernig er að alast upp í 100og1”

Unglingahópur Austurbæjarskóla; Embla, Telma, Unnsteinn, Ronja og Melkorka.

EMBLA: Kynnir hópinn. Erum úr unglingadeild Austó. Komin hingað til að segj frá hvernig er að vera barn og unglingur í Miðbænum. Ég heiti Embla og bý....

UNNI: Ég heiti Unnsteinn og bý.... Mér finnst mjög gott að búa í miðbænum því hér er nálægðin svo mikil. Það er stutt að fara til vina sinna, stutt í skólann og hvert sem er . félagsmiðstöðvar

TELMA: Ég heiti Telma og bý.... Það er gott að búa í miðbænum því hér er frábær félagsmiðstöð sem margir koma í. Rýmið er stórt og mikið hægt að gera.

EMBLA: Spennistöðin breytti mjög miklu fyrir okkur unglinga í miðbænum og það koma mikið fleiri í félagsmiðstöðina en áður.

RONJA: Ég heiti Ronja og bý....Það er líka frábært að allir árgangar séu saman í Spennistöðinni, kynnumst mikið betur þannig.

MELKORKA: Ég heiti Melkorka og bý.... Ég hef heyrt að áður hafi verið sameiginlegar opnanir milli félagsmiðstöðvanna og það væri gaman ef það yrði gert meira af því, það var víst mjög gaman.

TELMA/ EMBLA: - LÝSINGIN

EMBLA: Þó það sé mjög gott að búa í Miðbænum, þá er samt ýmislegt sem mætti laga.

Fyrst langar okkur að nefna **LÝSINGUNA**.

TELMA:

- Öryggi - við erum oft hrædd að labba ein heim, sérstaklega á veturna og margir staðir þar sem er ekki hægt að leika sér eftir myrkur vegna slæmrar lýsingar
- Margir staðir þar sem lýsingin er mjög slæm
- Í kringum skólann
- Hjá Hallgrímskirkju
- Á Klambratúni
- Í Hljómskálagarðinum
- Fyrir neðan Hverfisgötu (Skuggahverfið) og Frakkastíg
- Í Einarsgarði við enda Laufásvegs

RONJA/ EMBLA: - YFIRGEFNIR LEIKVELLIR OG SVÆÐI SEM HÆGT VÆRI AÐ NÝTA BETUR

EMBLA: Það eru mörg opin lítil svæði á víð og dreif í miðborginni okkar sem væri hægt að nýta betur fyrir krakka, unglinga og fjölskyldur

RONJA: Til dæmis væri hægt að setja þar sparkvelli, körfuboltavelli, skemmtileg leiktæki eða eitthvað annað skapandi og skemmtilegt. Til dæmis þessir staðir.

- Reitur við hliðina á Freyjugöturóló
- Lítil reitur milli Lokastígs og Þórsgötu
- Einarsgarður fyrir neðan Laufásveg, rétt hjá spítalanum
- Reitur á Frakkastíg þar sem var hengirúm í sumar
- Garður hjá Óðinstorgi

EMBLA: Og auðvitað þyrfti að laga lýsinguna þar líka til að einhver myndi nota þessa staði.

UNNI: FÓTBOLTAVÖLLUR HJÁ AUSTÓ

- Fóttaoltavöllurinn hjá Austó er mjög vinsæll.
- Hefur oft gerst að börn eru rekin þaðan í burtu af fullorðnu fólki
- Er hægt að passa að börn hafi forgang á þennan fóttaoltavöll?
- Er hægt að hafa setja upp skilti og myndavélar þar?

TELMA: Og kannski setja upp fleiri velli, svo fólk geti farið þangað í staðin, t.d. á Miklatúni? Það eru svo margir auðir staðir á Miklatúni og í Hljómskálagarðinum.

MELLÓ: GISTISKÝLIÐ

- Ég bý rétt hjá gistiskýlunu á Lindargötu.
- Stundum hrædd að labba heim þegar mikið af mönnum eru þar fyrir utan.
- Aldrei neinir starfsmenn sjáanlegir

EMBLA: Við veltum líka fyrir okkur hvort það sé sniðugt að hafa svona gistiskýli við hliðina á tónlistarskóla?

UNNI: Það er mjög gaman að búa í miðbænum en það væri hægt að gera það enn betra.

MELLÓ: Það væri gaman að það væru aðeins fleiri flott leiktæki hér fyrir börn eins og í öðrum nýrri hverfum.

RONJA: Það væri líka gaman að sjá t.d. góða hundaleikvelli og stór hundagerði inná Klambtratúni og í Hljómskálagarðinum, þannig að öll fjölskyldan gæti leikið þar saman og notið garðanna. (..gerði hjá Spítala)

TELMA: Það væri kannski hægt að standa fyrir einhverjum sniðugum keppnum milli gatna á sumrin, til að efla nágrannakærleikann og götustemmningu?

EMBLA: Okkur finnst nefnilega miðbærinn virkilega frábær og það skiptir okkur máli að hann haldi áfram að vera það. Takk fyrir að hlusta.

FRAMSAGA: “Fimm árum síðar, Spennistöðin”

Fulltrúar íbúa í húsráði Spennistöðvarinnar, Benóný Ægisson og Birgitta Hassenstein.

Benóný Ægisson:

Í nóvember 2014 var Spennistöðin, félags og menningarmiðstöð Miðborgar opnuð eftir nokkurra ára baráttu fyrir því að komast yfir þetta gamla orkumannvirki sem ekki lengur þjónaði tilgangi sínum en um það getið þið lesið á ýmsum gögnum sem liggja hér frammi. Það var í fyrsta sinn sem gerð var sérstök félagsmiðstöð fyrir unglunga í miðborginni þó þær hefðu verið að rísa í öðrum hverfum í rúm 40 ár. Nú má enginn skilja mig þannig að ég sé eitthvað bitur yfir þessu; nei við í gamla austurbænum erum himinlifandi yfir Spennistöðinni.

Spennistöðin er þó frábrugðin venjulegum félagsmiðstöðvum unglunga því henni er líka ætlað að vera fjölnotahúsnæði fyrir Austurbæjarskóla, menningarmiðstöð og íbúahús eins og starfrækt eru í hinum margfrægu löndum sem við viljum bera okkur saman við. Hugmyndafræði Spennistöðvarinnar hefur ætíð verið sú að notendurnir ættu að móta starfsemi hennar og að uppbygging hennar ætti að mótast af þörfum þeirra.

Því var í upphafi skipað húsráð til tveggja ára í tilraunaskyni sem hafði það hlutverk að skipuleggja notkun hússins þann tíma sem það er ekki nýtt í skólastarfi eða sem félagsmiðstöð. Húsráðið er skipað þeim aðilum sem komu að mótun Spennistöðvarinnar þess íbúa, nemenda og foreldra þeirra, skóla og frístundamiðstöðvar en við það var bætt fulltrúa skapandi greina.

Húsráðið hefur nú verið starfandi í tvö ár og hefur tími þess að mestu farið í hugmyndavinnu og skilgreiningar á starfi þess og starfsemi í heild sinni. Helstu annmarkar á starfi húsráðsins eru þeir að hlutverk þess er ekki nógu skýrt og heldur ekki hvernig það kemur hugmyndum sínum í framkvæmd og ábendingum á framfæri við borgaryfirvöld og embættismenn. Þetta hefur háð starfsemi húsráðsins og því þarf að ræða leiðir til að gera það skilvirkara ef húsráð á á annað borð að hafa eitthvað að segja um framtíðarstarfsemi í Spennistöðinni.

Á þeim tveimur árum sem Spennistöðin hefur verið starfrækt hefur Austurbæjarskóli haft hana til umræða fyrri part dags og fyrir ýmsar uppákomur sem rúmast illa í húsnæði skólans, árshátíð, tónleika, leiklistarkennslu, Skrekksæfingar osfrv. Félagsmiðstöðin 100og1 nýtir hana síðdegis og á kvöldin og foreldrafélagið hefur sínn tíma fyrir bekkjarkvöld og barnaafmæli. Spennistöðin hefur líka verið nýtt fyrir dans og leiklistarkennslu og helgarnar hafa pólska félagsmiðstöðin Vængur og Íbúasamtökin nýtt, Íbúasamtökin fyrir verkefnið Heil brú sem miðar að því að hrista fólk sem í miðbænum býr saman með smíðjuvinnu og málþingum þar sem mál hverfisins eru rædd. Margt annað hefur verið hér á dagskrá sem of langt mál yrði upp að telja en ekki er hægt að segja annað en að Spennistöðin hafi verið vel nýtt þessi tvö ár sem hún hefur starfað.

Margt er velheppnað í útfærslu á húsnæði Spennistöðvarinnar en annað miður vel. Vel hefur tekist til um öryggismál með tvískiptingu húsnæðisins og útfærsla hljóðvistar er vel heppnuð. Hinsvegar er lýsingin bæði vond og óþægileg og við hönnun hennar hefur augljóslega verið horft framhjá hugmyndum notenda um að hluti húsnæðisins yrði á tveimur hæðum. Það sama má segja um loftræstikerfi, það er allt of fyrirferðarmikið og svo öflugt að það er beinlínis hættulegt vegna sögs sem myndast í vissum vindáttum.

Tillögur húsráðs um framtíðaruppbyggingu lúta að því að innangengt verði úr Austurbæjarskóla í húsnæði Spennistöðvarinnar. Það hefur staðið notkun skólans á Spennistöðinni fyrir þrífum að það vex kennurum í augum að klæða heilu bekkina í hlífðarföt, lóðsa þeim hingað yfir, klæða þau úr og í herna og síðan leika þann sama leik aftur yfir í skólanum. Einnig stendur það starfsemi fyrir þrífum að ekki getur nema eitt verið í gangi í einu. Þó þessi salur sé skemmtilegur þá verður að ganga svo frá málum að hér geti mismunandi starfsemi þrífist samtímis. Til dæmis væri hægðarleikur að gera aðra hæð yfir salernum herna sunnan megin í byggingunni fyrir hljóðlátari starfsemi en eins og málum er nú háttáð þá, svo tekið sé mér nærtækt dæmi, er fremur erfitt að halda fund stjórnar Íbúasamtakanna þar meðan barðar eru afrískar bumbur eða dansaður hiphop dans herna í salnum. Einnig hefur verið rætt að flytja tónlistarkennslu hingað yfir og þá gæti einnig verið herna æfingahúsnæði fyrir hljómsveitir en þá yrði að koma hér upp hljóðeinangruðu herbergi.

Fjárveiting til Spennistöðvarinnar, önnur en til þess að gera hana í stand og að því sem hún nú er hefur verið af skornum skammti hingað til. Enginn starfsmaður er nú ráðinn til hennar sérstaklega en frístundamiðstöðinni Kampi/Tjörninni hefur verið falinn reksturinn. Mér vitanlega hefur engu fé verið veitt á næsta ári til tækjakaupa eða frekari uppbyggingar svo spurt er: Hvert skal nú stefnt þegar tveggja ára tilraunatímabil er liðið?

Birgitta Bára Hassenstein:

Takk Benóný, ég hef eiginlega engu við að bæta varðandi Spennistöðina nema ósk minni um að Spennistöðin nýtist nemendum í Austurbæjarskóla, börnunum okkar frá morgni til kvölds og síðan öðrum íbúum og ungmennum í auknum mæli.

Spennistöðin, fimm árum síðar nafnið á framsögunni okkar Benónýs vísar til þess að fyrir 5 árum eða þann 5. nóv 2011 héldum við málþing um Miðborgina sem íbúahverfi. Á þeim fundi var sammælt um það að berjast fyrir bættri aðstöðu fyrir börn og ungmenni í hverfinu, - við settum fókus á nýtingu Spennistöðvarinnar. Mikil

uppbygging hefur átt sér stað í hverfinu okkar undanfarin ár, en samt hefur íbúum fækkað um 6% á síðustu 5 árum og stendur nánast í stað sé lítið 15 ár aftur í tímann. Það er eins og uppbyggingin sé ekki á forsendum hverfisins sem íbúahverfis. Á sama tíma hefur skólabörnum í hverfinu, börnum á aldrinum 0-16 ára fækkað enn hraðar. Um 15% síðastliðin 5 ár og um nær fjórðung ef við lítum 15 ár aftur í tímann. Nemendur í Austurbæjarskóla voru 442 árið 2015. Hve margir eru nemendur í dag, Kristín? 420? Nemendum í Austurbæjarskóla hefur fækkað um þriðjung frá aldarmótum, á sama og nemendum í Reykjavík í heild hefur fækkað um ca. 5%. Og þessi þróun heldur áfram á auknum hraða. Nú nýverið lokaði leikskólinn Miðborg þremur deildum, það bendir til þess að enn fækki á grunnskólastiginu á komandi árum. Hækkandi fasteignaverð og skortur á gistirými fyrir ferðamenn virðist vera að ýta barnafjölskyldunum burt úr miðborg. Fjölskyldufólkið er að flytja þaðan sem þéttleiki borgarinnar er mestur og nærþjónustan best, í dreifðari úthverfi. Þarf kannski að friða fjölskyldur í miðborginni eins og húsin?

En hverju skiptir þetta, - er þetta ekki bara eðlileg þróun?

Fyrir utan lélega nýtingu á húsnæði skóla og leikskóla leiðir þetta til verri aðstæðna og þjónustu við barnafjölskyldur í Miðborg. Með fækkun barna í hverfinu og þar með minnkandi tekjustofnum skólanna má gera ráð fyrir að gæði og fjölbreytni þjónustu við fjölskyldufólk rýrni. Íbúasamfélagið veikist, ekki ólíkt því sem gerist þegar þorp út á landi missir unga fólk og börnin. Það verður þeim mun erfiðara að halda úti góðri og fjölbreyttri þjónustu fyrir þá sem eftir sitja. Það er mikilvægt að í miðborginni búi áfram börn og fjölskyldur og að hún haldi áfram sínum sérstaka karakter sem íbúðahverfi í bland við viðskipti, þjónustu og skemmtanalíf. En til að tryggja það er nauðsynlegt að setja íbúa og fjölskyldur í forgang við áframhaldandi uppbyggingu og skipulag miðborgarinnar – að byggja upp á forsendum íbúahverfis. Ég tel að áframhaldandi uppbygging Spennistöðvarinnar gæti orðið mikilvægur liður í eflingu miðborgarinnar sem íbúahverfis.

Og ef á 1. mín. Þá langar mig til að nota þetta tækifæri og þakka sérstaklega skipulagsstjóra Reykjavíkurbogar Ólöfu Örvarsdóttur sem er hér með okkur í dag. Það eru ekki allir sem þekkja þessa sögu en eftir að spennistöðin var aflögð, var hér varahlutalager Orkuveitunnar. Hér inni voru geymdar risastórar spólur og lagnaefni og þurfti stóra trukka og jafnvel tengivagna til að sækja þetta og skila hingað inn aftur. Þessi flutningar við skólann hafði valdið foreldrum og starfsfólki áhyggjum í áratugi, en Orkuveitan hafði alltaf vísað í heimild í gömlu lóðarblaði frá 1957 að þeir hefðu rétt til að keyra að Spennistöðinni, svona “ég á þetta – ég má þetta”. Við leituðum liðstyrk margra sviðstjóra borgarinnar, en skipulagsstjóra ber að þakka sérstaklega fyrir að séð til þess að Orkuveita Reykjavíkur flutti loks þessa starfsemi sína frá skólanum og tryggði þar okkur öllum, og ekki síst börnum við leik við skólalóðina ásættanlegt öryggi. TAKK !

Erindi frá leikskólastjóra Græ nuborgar.

Einar Örn Thorlacius sagði frá erindinu, afhenti það Ólöfu Örvarsdóttur, sviðstjóra umhverfis- og skipulagssviðs.

Umferðarþungi á Skólavörðuholtinu – við leikskólann Græ nuborg

Umferðarþunginn getur verið mjög mikill á Skólavörðuholtinu, þannig að ég hef verulegar áhyggjur af því að slys geti orðið. Það geta verið þrjár stórar rútur á bílastæðinu við kirkjuna og tvær á bílastæðinu við leikskólann, svo stoppar tveggja hæða strætisvagninn á miðri götu við Einarssafnið til að taka fólk upp og hleypa fólki út. Stundum þegar öll þessi stæði eru full þá stöðva rútur upp á gangstétt við Eiríksgötu þannig að allt stíflast og almennir bílar reyna að taka framúr með misjöfnum árangri sem skapar augljóslega mikla hættu. Almennir bílar sem eru á ferð á Eiríksgötunni taka fram úr henni. Þeir sem bíða eftir strætisvagninum bíða gjarnan undir skygginu á leikskólanum. Oft stoppar þessi strætó á bílastæðinu fyrir framan leikskólann.

Á sama tíma er jafnvel verið að koma með börn í leikskólann.

Stundum horfi ég út um skrifstofugluggann minn á alveg hreint ótrúlega umferðarblöndu. Umferðaröngþveiti sem ekki passar fyrir framan leikskóla hverfisins. Það er spurning hvort að einhver sé að fylgjast með þessum umferðarþunga frá borinni?

Það er hraðhindrun fyrir utan skólann, það eru margir sem aka afar hratt yfir hana og eru jafnvel að taka fram úr við hana.

Við leikskólann eru bílastæðarennur fyrir um 10 bíla. Þetta eru auglýst skammtíma stæði fyrir leikskólann á milli kl. 8 – 10 og 15 -17. Þetta er skilti sem er á íslensku, auðvitað eiga þessi skilti að vera á erlendu tungumáli líka. d

Þessi bílastæðarennu ætti auðvitað að vera auglýst sem skammtíma stæði allan daginn fyrir þá sem koma í leikskólann með börnin sín eða koma með vörur. Það er auðvitað bagalegt þegar vöruafhendingabílar þurfa að leggja úti á miðri götu til að koma vörum inn í leikskólann.

Þetta snýst um öryggi barnanna í hverfinu, þau sem sækja leikskólann Græ nuborg.

Hröð umferð.

Mjög margar stórar rútur.

Hop on and off strætóinn sem stoppar á miðri götu hérna fyrir utan.

Bílastæðaskortur fyrir foreldra og aðra sem eiga erindi í leikskólann

Ég tel að borgin þurfi að finna einhverjar leiðir svo að ekki komi svona margar rútur að kirkjunni á sama tíma, setja einhverjar takmarkanir á það.

Tveggja hæða strætóinn ætti að getað stoppað við Njarðargötuna þar sem er komið skilti um rútuþopp, þar er innskot til að stoppa og því óþarfi fyrir strætóinn að stoppa á miðri götu.

Bílastæðarennan fyrir framan leikskólann ætti að vera frátekin fyrir leikskólann sem skammtíma stæði allan opnunartíma skólans.

Borgin ætti auk þess að sjá til þess að sett yrðu upp skilti um að bílar í lausagangi menga (við í leikskólanum förum mjög oft út til að biðja bílstjóra um að drepa á bílnum þegar þeir eru í gangi fyrir utan leikskólann þar sem útblástur bíla berst inn í svefn og leikrými barnanna)

Gerður Sif Haukdóttir

Leikskólastjóri Græ nuborg